

Alþjóðlegar lagahöfundabúðir á Arnarstapa

“með Sister Bliss, Liam Howe og íslensku tónlistarfólki í fremstu röð”

REYKJAVÍK 12.08.2025

27. september – 1. október 2025

CREAT-ED, í samstarfi við Iceland Sync Creative, Teenage Engineering, Headline Audio, Lewitt og In Place of War, stendur fyrir alþjóðlegum lagahöfundabúðum á Arnarstapa, í hjarta Snæfellsjökulsþjóðgarðs. Þátttakendur starfa með heimsþekktu tónlistarfólki í stórbrotinni náttúru Íslands.

Á meðal þeirra sem taka þátt eru Sister Bliss (Faithless) og Liam Howe (Sneaker Pimps, FKA Twigs), ásamt úrvali íslenskra lagahöfunda og pródúsera frá Iceland Sync Creative. Yfir þrjá daga vinna þátttakendur að því að semja tónlist og þar á meðal eftir e. live song briefs, sem veita einstaka áskorun og skapandi tækifæri.

„Við erum stolt af því að sameina heimsklassa erlenda höfunda og okkar eigið hæfileikaríka tónlistarfólk, og bjóða upp á verkefni sem krefjast sköpunar, hugrekkis og samvinnu,” segir Brynja Guðmundsdóttir, hjá Iceland Sync Creative.

Aðeins 20 sæti eru í boði, verð er £1899, sem innifelur gisting með fullu fæði á Arnarstapa Hotel, daglega vinnu með erlendum og íslenskum lagahöfundum og pródúserum og flutning til/frá flugvelli. Hluti tekna rennur til #HackMusic verkefni In Place of War, sem styður tónlistarstarf í miðjum átökum, loftslagsvá og félagslegu óréttlæti.

„Þetta er einstakt tækifæri í töfrandi umhverfi til að mynda ný tengslanet, fá leiðsögn frá atvinnufólki og skapa verk sem hafa áhrif til frambúðar,” segir Ruth Daniel, framkvæmdastjóri In Place of War.

Harry Leckstein, stofnandi CREAT-ED: „Arnarstapi er langmagnaðasti staðurinn sem við höfum unnið á.”

Simon Curtis, Teenage Engineering: „Við erum spennt að sýna nýjustu vörulínuna okkar og taka þátt í þessari skapandi orku.”

Umsóknir: Sendu hlekk á tvö frumsamin lög í gegnum creat-ed.co.uk/iceland-camp.

Frekari upplýsingar:

Brynja Guðmundsdóttir – sync@icelandsync.com – +354 869 6208

Ruth Daniel – ruth@inplaceofwar.net – +44 7793 215618

Harry Leckstein – harry@creat-ed.co.uk – +44 7796 950406

HLEKKUR Á ÍTARLEGRI UPPLÝSINGAR Á ENSKU.



Frekari upplýsingar er að finna hjá Iceland Sync Creative / www.icelandsync.com

∴ info@icelandsync.com ∴